

Aðalfundur Félags um innri endurskoðun árið 2026

5. maí 2026, kl. 14:00-15:00.

Aðalfundur Félags um innri endurskoðun árið 2026 var haldinn þriðjudaginn 5. maí 2026, á Grand hótél, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

Fundarstjóri: Gréta Gunnarsdóttir

Ritari: Viðar Kárason

Mættir félagsmenn voru 18, að meðtöldum fundarstjóra og fundarritara

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu ári.
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Breytingar á samþykktum. (ATH. engar breytingatillögur liggja fyrir).
4. Kosning stjórnarmanna.
5. Kosning skoðunarmanns.
6. Ákvörðun félagsgjalds.
7. Önnur mál.

Björg Ýr Jóhannsdóttir, formaður stjórnar, opnaði fundinn og lagði til að Gréta Gunnarsdóttir yrði kjörin fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Gréta lagði síðan til að Viðar Kárason yrði kosinn fundaritari, og var sú tillaga einnig samþykkt samhljóða.

Gréta Gunnarsdóttir, fundarstjóri, fór yfir dagskrána og kannaði lögmæti fundar. Boðað var löglega til fundarins, sbr. 5. gr. samþykpta félagsins, með tölvupósti þann 15. apríl síðastliðinn. Fundurinn er því, með samþykki fundarmanna, bær til að taka ákvörðun um þau málefni sem greind eru á dagskrá.

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu ári.

Gögn: Skýrsla stjórnar FIE

Björg Ýr Jóhannsdóttir, stjórnarformaður, kynnti skýrslu stjórnar vegna starfsársins 2025 – 2026 og greindi frá því helsta á starfsárinu. Auk Bjargar Ýrar voru í stjórn í stafrófsröð: Ásta Leonhardsdóttir samskiptafulltrúi, Gréta Gunnarsdóttir formaður alþjóða- og staðlanefndar, Gunnar Ragnarsson gjaldkeri, Hanna Soffía Bergmann Sverrisdóttir formaður fræðslunefndar Viðar Kárason ritari. Á starfsárinu 2025-2026 voru haldnir alls 10 stjórnarfundir, auk óformlegs undirbúningsfundar fyrir aðalfundinn. Um helmingur fundanna voru staðfundir og helmingur fjarfundir.

Í árslok 2025 voru félagsmenn 77 talsins, en eru nú orðnir 82. Í dag eru 28 félagsmenn með gilda fagvottun í innri endurskoðun (CIA), þar af hlutu þrír félagsmenn fagvottun á liðnu starfsári.

Í skýrslunni var jafnframt greint frá fræðslustarfi ársins, alþjóðlegu samstarfi og öðru samstarfi á sviði fræðslu.

Rætt var um að félagsmenn fái betri upplýsingar um starf opinbera hópsins t.d. í formi fréttar í fréttabréfi félagsins.

Siðanefnd – Björg Ýr greindi frá því að engin mál hafi komið til nefndarinnar á síðasta starfsári.

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

Gögn: Ársreikningur FIE 2025

Gunnar Ragnarsson, gjaldkeri stjórnar, kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2025. Gunnar tilkynnti að reikningurinn hefði verið yfirfarinn af skoðunarmanni, Jóni H. Sigurðssyni. Tap af rekstri félagsins árið 2025 var kr. 490 þús.kr., eignir félagsins námu 9 millj. kr., bókfært eigið fé í árslok var 8,9 millj. kr. og eiginfjárlutfall 99%. Engar spurningar eða athugasemdir voru gerðar við reikninginn.

Umræður sköpuðust um reikningsárið og almanaksárið.

Að umræðum loknum var ársreikningur félagsins vegna ársins 2025 samþykktur samhljóða.

3. Breytingar á samþykktum.

Engar breytingar voru lagðar til.

4. Kosning stjórnarmanna.

Úr stjórn gengur: Hanna Soffía Bergmann Sverrisdóttir.

Í framboði til stjórnarsetu voru:

- Auðbjörg Friðgeirsdóttir, sem bauð sig fram á fundinum

Eftirtaldir stjórnarmenn gáfu kost á sér:

Ásta Leonhardsdóttir, Björg Ýr Jóhannsdóttir, Gréta Gunnarsdóttir, Gunnar Ragnarsson og Viðar Kárasón.

Fundarstjóri fór yfir hvaða aðili var að fara út og hverjir væru að bjóða sig fram til stjórnarsetu.

Stjórnin var samþykkt á fundinum. Þar sem engin önnur framboð bárust og sex aðilar voru í framboði í sex manna stjórn var hún sjálfkjörin.

5. Kosning skoðunarmanns.

Lögð var fram tillaga um að Jón H. Sigurðsson, sjálfstætt starfandi endurskoðandi, yrði kosinn skoðunarmaður félagsins fyrir starfsárið 2026-2027. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Ákvörðun félagsgjalds.

Núverandi félagsgjald er kr. 27.000 og var síðast innheimt í september 2025. Stjórnin lagði til að félagsgjaldið fyrir starfsárið 2026–2027 haldist óbreytt, þ.e. kr. 27.000.

Sif Einarsdóttir lagði til að í framtíðinni yrði félagsgjaldið hækkað í samræmi við verðlag.

Að loknum umræðum var tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald, kr. 27.000, fyrir starfsárið 2026–2027 samþykkt.

Önnur mál.

Björg Ýr Jóhannsdóttir tók til máls varðandi fræðslustarf félagsins, m.a. möguleika á að fá aðila utan stjórnar til að koma að skipulagningu og framkvæmd fræðslufunda. Rædd var sú hugmynd að setja á fót fræðslunefnd að nýju, m.a. með aðkomu aðila frá Reykjavíkurborg og PwC. Þá áréttaði hún mikilvægi þess að stærri innri endurskoðunardeildir leggi sitt af mörkum til fræðslustarfs FIE, annaðhvort með þátttöku í stjórn félagsins eða með því að bjóða félagsmönnum upp á fræðslufundi án endurgjalds.

Að lokum þakkaði formaður fráfarandi stjórnarmanni fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári.

Fundi var slitið um kl. 15:00